

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. júní gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-36/2009:

I

Hinn 15. maí sl. bað X, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna kaupa á farmiðum hjá Y. Álitsbeiðandi segir að eftir að hann keypti fyrri farmiðann hafi komið upp bilun í sölukerfi Y þannig að hann hafi ekki getað keypti síðari miðann fyrr en morguninn eftir. Þá hafi verið miðans hækkad úr kr. 70.000 í 130.000. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að fá mismuninn, kr. 60.000, greiddan að fullu en segir Y hafa boðist til að greiða helminginn eða kr. 30.000.

Kæruneftndin gaf Y kost á andsvörum með bréfi, dags. 19. maí, og bærust þau 2. júní. Í þeim er sagt að félagið hafi engu við það að bæta sem komi fram í bréfi þess til álitsbeiðanda frá 26. febrúar sl. en í því er álitsbeiðanda boðin greiðsla að fjárhæð kr. 30.000 í formi inneignar hjá félaginu.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt lögum nr. 87/2006 geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur farmiðakaup, þ.e. skilríki eða nokkurs konar ávísun á rétt til þess að ferðast með flugvéllum Y

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir í 1. gr.:

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitshæðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir að gefa álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstaða kærufndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni X frá nefndinni.

II

Álitshæð

Álitshæðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir